

## REGLUGERÐ

177

24. okt.

um varnir gegn útbreiðslu hundapestar (distemper).

### 1. gr.

Innflutningur á erlendum hundum er bannaður. Ef erlendir hundar koma hér á land skal þeim tafarlaust lógað, hvar sem þeirra verður vart.

### 2. gr.

Allir hundar í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Reykjavík, Hafnarfirði og Árnassýslu vestan Hvitár og Ölfusár skulu tafarlaust skotnir og grafnir. Lögreglustjórum og hreppstjórum ber að sjá um framkvæmd á þessu þegar í stað. Allur flutningur hunda á þessu svæði og út af því er bannaður.

### 3. gr.

Utan þeirra svæðo, sem um getur í 2. gr., skulu hundaeigendur gæta þess, að halda hundum sínum á heimilum sínum og hafa þá aldrei með sér utan heimilis. Öllum flækingshundum skal lógað, hvar sem þeir finnast.

### 4. gr.

Bannað er að koma með aðkomuhunda á staði, þar sem loðdýrabú eru. Eigendum slíkra búa er heimilt að skjóta alla aðkomuhunda, sem nálgast loðdýrabú þeirra.

### 5. gr.

Lögreglustjórar í kaupstöðum og hreppstjórar í hreppum um land allt, skulu hver í sínu umdæmi, fylgjast eins nákvæmlega og frekast er unnt með því, hvort sýking kemur upp í hundum eða loðdýrum í þeirra umdæmi, og tilkynna tafarlaust til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins ef grunur leikur á, að hundapest sé komin upp í umdæmi þeirra.

### 6. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða allt að 5000 kr. sektum.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 38 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. október 1941.*

**Hermann Jónasson.**

*Vigfús Einarsson.*